



NORDURORKA

VATNSVEITA - RAFVEITA - HITAVEITA





EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn og skipurit	3
Rekstur 2007 - yfirlit forstjóra	4
Lykilstærðir - Hitaveita	10
Lykilstærðir - Rafveita	13
Lykilstærðir - Vatnsveita	16
Viðskiptavinir	18
Ársreikningar 2007	21

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Áframhaldandi öflug uppbygging á veitusvæðum Norðurorku skilar sér í eflingu fyrirtækisins og hærri tekjum til framtíðar. Stærstur hluti rekstrar Norðurorku gekk venju samkvæmt og árið því gott í rekstri fyrirtækisins.

Tekjur samstæðunnar á árinu 2007 voru samtals 1.830.236 milljónir króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 553 milljónir króna eða 30,24%. Fjárfestingahreyfingar voru um 573 milljónir, mest var fjárfest í hitaveitu eða fyrir um 415 milljónir. Heildar skuldir fyrirtækisins eru um 3.748 milljónir og niðurstöðutala efnahagsreiknings 6.341 milljón króna. Veltufé frá rekstri nam á árinu um 778 milljónum og arðsemi eigin fjár var 19,5%. Norðurorka stendur því vel og er vel í stakk búð til að takast á við ný og spennandi verkefni í orkumálum. Í ljósi sterkrar stöðu fyrirtækisins leggur stjórn þess til að greiddur verði 7,5% arður til hluthafa á árinu 2008. Rekstrarafkoman er góð þrátt fyrir að verð á afurðum fyrirtækisins hafi lækkað að raungildi eða verði haldið innan marka almennra verðlagsbreytinga.

Miklar framkvæmdir voru í gangi á síðasta ári. Ber þar hæst að lokið var við lagningu hitaveitu frá Reykjum í Fnjóskadal til Grenivíkur, en þann 23. nóvember s.l. var vatni formlega hleypt á þá leiðslu og hefur síðan verið unnið að tengingu húsa í þorpínu. Miklar framkvæmdir voru einnig á Akureyri, en hér hefur eins og undanfarin ár mikið verið byggt af bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

Á árinu var unnið að því að koma virkjunum Fallorku í Djúpadal í gagnið á nýjan leik eftir hamfarafloðin sem ollu gríðarlegum skemmdum á mannvirkjum fyrirtækisins haustið 2006. Djúpadalsvirkjun I komst aftur í gagnið 22. maí s.l. og var kostnaðurinn við þá enduruppbyggingu um 31 milljónir króna. Unnið er af fullum krafti við endurhönnun stíflu og yfirfalls sem brustu við efri virkjunina. Gangi áætlanir eftir mun framleiðsla í Djúpadalsvirkjun II hefjast síðar á þessu ári. Verulegur kostnaður hefur fallið á Fallorku vegna þessa tjóns og er enn óljóst hvort og með hvaða hætti Viðlagatrygging Íslands bætir það, því hefur stjórn Norðurorku ákveðið að styrkja Fallorku með auknu hlutfé.

Með kaupum á Fallorku setti Norðurorka sér það markmið að búa til öflugt fyrirtæki á sviði raforkuframleiðslu og dreifingar. Í samræmi við ákvarðanir um að efla þessa starfsemi voru á árinu í gangi viðræður við innlenda fjárfesta um samstarf á þessu sviði. Hugmyndin var að færa alla starfsemi Norðurorku tengda raforkuframleiðslu og sölu í eitt félag, Fallorku og stórefla það til virkrar þátttöku á þessum markaði. Þessi áform hafa því miður enn ekki gengið eftir vegna andstöðu meðeigenda Norðurorku í Þeistareykjum við þá hugmynd að færa hlut Norðurorku í því félagi yfir í Fallorku. Norðlendingar þurfa að gera sig gildandi á þessum markaði og því er mikilvægt að ná samstöðu um uppbyggingu öflugs fyrirtækis á raforkumarkaði á Norðurlandi. Ákveðið hefur verið að kanna hug nágranna sveitarfélaga til samstarfs og eða sameiningar fyrirtækja í þessu skyni.

Forsvarsmenn Becromal sem vinna að því að reisa aflþynnverksmiðju í Krossanesi óskuðu eftir því að Norðurorka reisti og ræki 100 MW spennistöð fyrir þeirra rekstur og tók stjórnin vel í að sinna því. Niðurstaðan varð sú að stofnað var um þetta verkefni sjálfstætt hlutfélag í eigu Norðurorku, Rafeyrar



Ásgeir Magnússon formaður

og Orkuvirkis.

Miklar framkvæmdir voru á Þeistareykjum á árinu og boraðar tvær rannsóknarholur, í ár verður haldið áfram rannsóknum á svæðinu og er áformað að bora eina holu til viðbótar. Úr þeim holum sem þegar hafa verið boraðar á Þeistareykjum má nú vinna allt að 40 MW.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orku- og auðlindasviði, auk þess sem í lðnaðarráðuneytinu hafa verið unnin drög að nýjum lögum um hitaveitur. Síðastnefnd drög hafa verið kynnt stjórn Samorku. Full ástæða er til þess fyrir eigendur Norðurorku að fara vandlega yfir þessi mál því verði frumvörpin óbreytt að lögum í þinginu er verulega þengt að rekstri fyrirtækisins. Sérstaklega er ástæða til að hafa áhyggjur af hitaveitufrumvarpinu. Verði það að lögum er útséð um að Norðurorka geti tekið virkan þátt í uppbyggingu annarra þátta atvinnulífs á Akureyri en þeirra sem snúa beint að kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Með frumvarpinu er undir yfirskini neytendaverndar þengt mjög að rekstri hitaveitna. Nærri allar hitaveitur landsins eru í opinberri eigu þ.e.a.s. sveitarfélaga sem hingað til hefur verið treystandi til að halda verðlagningu á heitu vatni til íbúa sinna sveitarfélaga í lágmarki. Fyrir hönd stjórnarinnar þakka ég stjórnendum og starfsfólki Norðurorku hf. fyrir gott og árangursríkt starf á liðnu ári. Norðurorka hefur á að skipa hæfu og traustu starfsfólki sem leggur sig fram við að þjóna sem best viðskiptavinum fyrirtækisins, það verður seint fullþakkað. Ég vil einnig þakka hluthöfum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum öllum góð samskipti og samstarf á árinu. Þá vil ég að endingu þakka Franz Árnasyni forstjóra og meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Ásgeir Magnússon

STJÓRN OG SKIPURIT



Stjórn og forstjóri Norðurorku


STJÓRN

Stjórn Norðurorku hf. 2007 er þannig skipuð:

Ásgeir Magnússon formaður
 Bjarni Jónasson varaformaður
 Kristín Sigfúsdóttir ritari
 Hákon Hákonarson meðstjórnandi
 Anna Þóra Baldursdóttir meðstjórnandi

Varastjórn skipa: Hermann Jón Tómasson
 Sigurður Hermannsson
 Baldvin Esra Einarsson
 Gerður Jónsdóttir
 Birgir Björn Svavarsson

SKIPURIT



REKSTUR 2007 - YFIRLIT FORSTJÓRA

Aðalfundur 2007

Þann 15. mars 2007 hélt Norðurorka hf. aðalfund sinn vegna rekstrarársins 2006 og var þetta 5. aðalfundur félagsins. Á fundinum var fjallað um þau mál sem aðalfundur á að hafa á dagskrá samkvæmt landslögum og samþykktum félagsins. Ný stjórn var kjörin og hana skipa: Anna Þóra Baldursdóttir, Ásgeir Magnússon, Bjarni Jónasson, Hákon Hákonarson og Kristín Sigfúsdóttir. Í varastjórn voru kjörin: Baldvin Esra Einarsson, Birgir Björn Svavarsson, Gerður Jónsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Sigurður Hermannsson. Nýkjörin stjórn kom saman að aðalfundi loknum og skipti með sér verkum. Formaður er Ásgeir Magnússon, varaformaður Bjarni Jónasson, ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Anna Þóra Baldursdóttir og Hákon Hákonarson. Endurskoðandi fyrirtækisins samkvæmt samningi er KPMG Endurskoðun Akureyri hf. Undir liðnum önnur mál kvaddi bæjarstjóri Sigrún Björk Jakobsdóttir sér hljóðs og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf og fór jafnframt nokkrum orðum um fyrirtækið. Að lokum kvaddi Franz Árnason forstjóri sér hljóðs. Hann þakkaði starfsfólki fyrir góð störf í þágu fyrirtækisins. Fráfarandi stjórn þakkaði hann samstarfið og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Franz vaki athygli á að opinbert eftirlit hefði aukist mjög með raforkuþætti starfseminnar og á hann settar óásættanlegar hömlur af hálfu opinberra aðila sem meðal annars birtist í því að ekki er gert ráð fyrir eðlilegum hagnaði af starfseminni. Lýsti hann áhyggjum sínum af því að boðuð lög um hitaveitur yrðu með svipuðum hætti og raforkulög að þessu leyti. Jafnframt tók hann fram að fleiri aðilar vildu fá að hlutast til um afkomu félagsins. Hann sagði að ef svo færi fram sem horfði myndu möguleikar félagsins til þátttöku í ýmsum þörfum verkefnum minnka umtalsvert. Síðan þakkaði hann fundarstjóra og fundarritara fyrir þeirra störf og fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundinum.

Starfsfólk og viðskiptamenn

Það er gæfa hvers fyrirtækis að hafa á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki. Norðurorka hf. hefur notið þess svo og viðskiptavinir fyrirtækisins. Starfsmönnum eru þökkuð góð störf á starfsárinu.



Franz Árnason forstjóri

Starfsmannavelta er lítil og lét aðeins einn starfsmaður, Þórveig Káradóttir, af störfum á árinu og eru henni þökkuð góð störf og tryggð við fyrirtækið. Nýir starfskraftar bættust við ýmist til að fylla í skörð þeirra sem hættu á árinu 2006 og 2007 eða til að taka við nýjum verkefnum vegna vaxandi umsvifa. Agnar Árnason deildarstjóri Markaðsdeildar óskaði eftir minnkuðu starfshlutfalli. Samið var við hann um að hann færðist til Fallorku ehf. og sæi þar um innkaup og sölu raforku. Í hans stað var ráðinn Baldur Dýrfjörð lögmaður. Herborg Sigfúsdóttir var ráðin til starfa á teiknistofu og Valur Smári Friðvinsson á framkvæmdasvið. Þá var ráðinn nemi í rafvirkjun Snævar M. Gestsson og er það í fyrsta skipti sem fyrirtækið ræður nema í iðngrein til sín. Tveir starfsmenn eru þó í pípulagninganámi en þeir voru báðir ráðnir sem járníðnaðarmenn á sínum tíma. Sigurður Hjaltason rafvirki var ráðinn til starfa við rafveituna enda hafði rafvirkjum fyrirtækisins fækkað á liðnum árum. Ráðin var aðstoðarmaður yfirverkstjóra Anna Klara Hilmarsdóttir sem kom úr öðru starfi hjá fyrirtækinu. Alls voru 53 á launaskrá um sl. áramót sem er svipaður fjöldi og verið hefur. Nýir starfsmenn eru boðnir velkomnir til starfa.

Norðurorka hf. á viðskipti við fjölda aðila. Stærsti hópurinn eru auðvitað þeir sem kaupa vörur og þjónustu af fyrirtækinu. Þeim fer fjölgandi ár frá ári og eru nýir viðskiptavinir boðnir velkomnir. Hinir eru sínu færri sem veita fyrirtækinu þjónustu. Báðum þessum hópum eru þökkuð viðskiptin á árinu. Hluthöfum og samstarfsaðilum eru þökkuð ánægjuleg samskipti.



Fulltrúar styrkþega 2008

Málþing, menntun og menning

Norðurorka hélt árlegt málþing sitt að loknum síðasta stjórnarfundis ársins, þann 28. desember. Á málþinginu voru að vanda afhentir styrkir til menningar og menntamála. Styrkþegar eru, Háskólinn á Akureyri, kr. 1.250.000, Leikfélag Akureyrar, kr. 1.250.000, Listasafnið á Akureyri, kr. 600.000, Iðnaðarsafnið, kr. 500.000, Gallerí JV, kr. 250.000, Jassklúbbur Akureyrar, kr. 350.000, Populus Tremula, kr. 200.000, Tónlistarfélag Akureyrar, kr. 200.000 og Tónleikahald í Laugaborg, kr. 200.000.

Aðalefni málþingsins voru þrjú mjög athyglisverð erindi. Prófessor emeritus Sigurður Líndal talaði um eignarhald á orkuauðlindum Íslands, efni sem mjög var og er til umræðu í þjóðfélaginu og hjá orkufyrirtækjunum. Næsti ræðumaður var Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, sem fjallaði um þjóðlendukröfur ríkisins og sjónarmið landeigenda sem er einnig til umræðu meðal landsmanna og mun verða umræðuefni enn um sinn, enda kröfur ríkisins af mörgum taldar ganga allt of langt. Síðastur á mælendaskrá var Steinar Þór Guðlaugsson jarðeðlisfræðingur og deildarstjóri olíurannsókna hjá Íslenskum Orkurannsóknum sem fræddi gesti um hugsanlegar olíulindir innan auðlindalögsögu Íslands. Þetta var mjög forvitnilegt og fróðlegt erindi sem vakti óskipta athygli. Lauk þannig enn einu vel lukkuðu og vel sóttu málþingi Norðurorku hf.

Stjórnsýsla

Stjórn fyrirtækisins hélt 15 fundi á árinu. Á síðasta fundi ársins, þann 28. desember, var fulltrúum eigenda boðið til fundar.

Í stjórn fyrirtækisins og meðal stjórnenda þess var nokkuð fjallað um væntanlega álþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri sem fyrirhugað var að reisa sunnan Hlíðarfjallsvegjar. Í upphafi hafði Becromal áhuga á því að fá kælivatn hjá Norðurorku hf. og að selja orkuna úr því eftir að það hefði þjónað sínu kæli hlutverki í framleiðsluferli verksmiðjunnar. Á sama tíma vann Becromal að samningum um kaup á raforku við Landsvirkjun og um flutning hennar við Landsnet. Eftir að ákveðið var að færa verksmiðjuna í Krossanes og nota sjó til kælingar leit út fyrir að Norðurorka kæmi ekki frekar að verkefninu. Í október kom hins vegar í ljós að samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar mátti Landsnet ekki eiga spennistöð fyrir verksmiðjuna eins og gert hafði verið ráð fyrir. Í ljósi þessarar niðurstöðu leituðu fulltrúar Becromal eftir því við Norðurorku hf. að það tæki að sér að reisa, eiga og reka slíka stöð. Nú kann að

virðast að slík stöð sé smámál fyrir fyrirtæki sem rekur á annað hundrað spennistöðvar. Svo er þó ekki þar sem hér er um að ræða spennistöð sem á að geta ráðið við allt að 100 MW afl og mun kosta allt að 600 milljónir króna. Vegna umfangs og kostnaðar við verkefnið leitaði Norðurorka hf. eftir samstarfsaðilum. Í desember var undirrituð viljayfirlýsing milli Norðurorku hf., Rafeyrar hf. og Orkuvirkis hf. um stofnun félags, í jafnri eigu þessara aðila, til þess að byggja spennistöð fyrir Becromal í Krossanesi, eiga hana og reka. Félagið var síðan stofnað í janúar sl. og eru samningar við Becromal á lokastigi þegar þetta er ritað.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að þó svo að Akureyri búi við gott afhendingaröryggi af hálfu Landsnets hf. þar sem hingað liggja þrjár flutningslínur, er ekki allt sem sýnist. Flutningsgeta þessara lína er ekki fullnægjandi og má fullyrða að sú staða, standi uppbyggingu orkufreks iðnaðar fyrir þrifum. Það er sjálfsgöð krafa Akureyringa og nággranna þeirra að úr þessu verði bætt með verulegri styrkingu Byggðalínu Landsnets hf. eða á annan hátt.

Í febrúar 2007 samþykkti stjórn Norðurorku hf. að taka þátt í stofnun undirbúningsfélags, ásamt sjö öðrum fyrirtækjum og einum einstaklingi, til að kanna möguleika á lífdísselframleiðslu á Akureyri. Undirbúningsfélagið, sem hlaut nafnið Orkey ehf., lét verkfræðistofu kanna málið og voru gerðar athuganir á nokkrum möguleikum. Undir árslok kom í ljós að ekki var fýsilegt að hefja slíka framleiðslu að sinni.



Sigurður Líndal prófessor emeritus

Eins og fram kom í ársskýrslu fyrir árið 2006 var ákveðið að flytja orkusöluhluta Norðurorku hf. yfir til Fallorku ehf. um áramótin 2006/2007. Fallorka er að fullu og öllu í eigu Norðurorku og sér auk orkusölu um raforkuframleiðslu og kaup á raforku í heildsölu af raforkuframleiðendum til endursölu.

Málefni Fallorku ehf. voru oft rædd í stjórn Norðurorku hf. á árinu. Uppbyggingarstarf eftir hamfarirnar 20. desember 2006 hófst fljótlega og Djúpadalsvirkjun I var gangsett 22. maí s.l. og hefur framleitt raforku síðan. Búið er að gera við stöðvarhús og vélbúnað Djúpadalsvirkjunar II að mestu. Hinsvegar er ekki búið að endurreisa stíflu eða öllu heldur yfirfall Djúpadalsstíflu. Unnið er að endurhönnun og gert er ráð fyrir að framleiðsla í Djúpadalsvirkjun II hefjist síðari hluta árs 2008.

Stjórn Norðurorku hf. samþykkti á fundi sínum 7. maí sl. tillögu forstjóra um að byggja viðbyggingu við vélaskemmu, hús 6, á Rangárvöllum þar sem Íslenskar orkurannsóknir höfðu óskað eftir að taka meira húsnæði á leigu hjá Norðurorku hf. Yfirlitsmynd á bls. 35 sýnir hús Norðurorku hf. á Rangárvöllum og nýtingu þeirra.

Áfram var unnið að gæðakerfi fyrirtækisins og vottunarferli þess hófst. Það er langtíma verkefni að koma á virku gæðakerfi en nú sér fyrir endan á þeim áfanga sem snýr að vottun samkvæmt ISO 9001. Ekki verður látið þar staðar numið, heldur verður farið að huga að umhverfisvottun samkvæmt ISO 14001. Stjórn fer á hverju ári yfir stefnu fyrirtækisins og starfsreglur stjórnar. Þá hófst, síðari hluta árs, vinna við breytingu á skipulagi fyrirtækisins sem gert er ráð fyrir að taki gildi í ársbyrjun 2008. Helsta breytingin sem lögð er til er að skipta Tæknideild í tvær deildir, Framkvæmdadeild og Tæknideild.



Frá vígslu Reykjaveitu á Grenivík



Afmælisbörn heiðruð fyrir störf sín

Fjármál

Fjármál er að sjálfsögðu eitt af því sem stjórn Norðurorku hf. ræðir oft. Fjárhagsáætlanir og reikningsskil fyrirtækisins eru til umræðu sem og fjármögnun. Lánamál og lántökur þurfa skoðunar við. Fyrirtækið er skuldugt og leitar sér aðstoðar fagfólks utanfrá til að aðstoða við skuldastýringu. Vel hefur tekist til og gefa ráðgjafar út skýrslu tvisvar á ári þar sem farið er yfir stöðuna. Lántökur á árinu voru verulegar, en fyrst og fremst er verið að taka lán til endurfjármögnunar eftirstöðva eldri lána. Lánabyrði jókst ekki á árinu þrátt fyrir miklar framkvæmdir. Samanlagðar tekjur Norðurorku hf og dótturfélagsins Fallorku ehf. á síðastliðnu ári námu 1.830.236 milljónum króna. Hagnaður varð um 553 milljónir króna fyrir fjármagnsliði. Fjárfestinga- hreyfingar voru um 573 milljónir króna.

Verðskrár

Fast gjald hitaveitu og heimlagnagjöld breyttust með verðlagsþróun. Gjaldskrá fyrir tonn af heitu vatni var óbreytt frá fyrra ári. Gjald fyrir raforkudreifingu hækkaði lítillega, en þó minna en gjaldskrá Landsnets fyrir raforkuflutning, en sá kostnaður er innifalinn í gjaldskrá raforkudreifingar. Fallorka ehf. tók, frá 1. janúar 2007, við allri raforkusölu sem Norðurorka hf. sinnti áður og setur verðskrá fyrir raforku sem eðli málsins samkvæmt ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni.

Verðskrá vatnsveitu var breytt í grundvallaratriðum. Í stað þess að vatnsgjald greiðist sem hlutfall af fasteignamati fasteignar, er nú greitt fast gjald, ásamt gjaldi á hvern fermetra húss. Í heild skilaði þessi breyting vatnsnotendum 50 milljóna króna lækkun vatnsgjalds, en um leið minnkuðu heildartekjur Norðurorku hf. um sömu upphæð. Gjald fyrir vatnssölu um mæla fylgir verðlagsþróun.

Dótturfélag, hlutdeildarfélag o.fl.

Norðurorka hf. er hluthafi í nokkrum félögum. Um dótturfélagið Fallorku ehf. hefur verið fjallað hér framfar. Hlutdeildarfélagið Tengir hf. starfaði af miklum krafti á árinu. Lögð voru rör fyrir ljósleiðara víðsvegar á Akureyri og í allar nýbyggingar. Þá var lagður ljósleiðari til Grenivíkur og Dalvíkur og vinna er hafin við ljósleiðaranet á þessum stöðum og víðar. Þekkingarvörður ehf. stofnaði RES orkuskóla eins og stefnt var að, en Norðurorka hf. á 1/7 hlutafjár í Þekkingarvörðu ehf. Hópur sumarnemenda skólans dvaldi á Akureyri sl. sumar og naut meðal annars fræðslu hjá starfsmönnum Norðurorku hf. Miklar framkvæmdir voru hjá Þeistareykjum ehf., sem Norðurorka hf. á 32% hlut í. Boraðar voru tvær rannsóknarholur af "fullri" stærð. Önnur holan er mjög öflug. Úr þeim holum sem nú hafa verið boraðar á Þeistareykjum má vinna 30-40 MWe. Á árinu 2008 verður boruð ein rannsóknarhola á Þeistareykjum auk þess sem unnið verður að rannsóknum, umhverfismati og mati á afkastagetu svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir að bora þurfi fleiri rannsóknarholur á Þeistareykjum. Næsta skref verður að hefja frekari boranir til orkuöflunar. Á vegum Íslenskrar orku ehf. hefur ekkert verið framkvæmt á árinu, en gerð verður gangskör að mati á jarðhitasvæðinu í Öxarfirði og möguleikum þess að framleiða raforku þar með tiltækri tækni. Ekki var heldur nein starfssemi á vegum Hrafnabjargavirkjunar hf. en þar er raunar beðið eftir að lðnaðarráðuneytið gefi virkjunarleyfi í Skjálfandafljóti. Tveir aðilar Landsvirkjun og Hrafnabjargavirkjun hf. eiga umsóknir um virkjanaleyfi liggjandi í ráðuneytinu. Norðurorka hf. á einnig hlut í Netorku hf. sem er reiknistofa raforkumarkaðarins. Hlutir fyrirtækisins í Enex og Xorku voru seldir og Stáltak fór í skiptameðferð.

Norðurorka hf. er aðili að Samorku, samtökum orku og veitufyrirtækja sem eru aðili að Samtökum atvinnulífsins. Starfsemi Samorku er vaxandi og standa þau fyrir ýmsum námskeiðum, fundum og ráðstefnum. Þá er Samorka hluthafi í Íslenska menntafélaginu sem rekur m.a. Vélskólann, Stýrimannaskólann o.fl. Samtökin eru aðilar að Norðurlanda-samstarfi og Evrópusamstarfi. Forstjóri Norðurorku hf. er formaður Samorku og einnig formaður Nordvarme norrænu hitaveitusamtakanna.

Rafveitan

Raforkudreifing er ódýrust hjá Norðurorku hf. eins og verið hefur. Fyrirtækið nýtur þess þó ekki við setningu tekjuramma af hálfu eftirlitsaðilans Orkustofnunar.

Rétt er að áréttá mikilvægi þess að heimilaðar tekjur raforkudreifikerfa séu það rúmar að fjárskortur komi ekki niður á nauðsynlegu viðhaldi og afhendingaröryggi. Þá þarf arðsemi að vera ásættanleg en langt er frá að svo sé



Frá vígslu Reykjaveitu á Grenivík

í dag. Sú heimild sem raforkulög gefa til arðs af rekstri raforkudreifikerfa er það lítil að jafna má við eignaupptöku. Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns einskorðast við Akureyri enda hefur Norðurorka hf. ekki heimild til raforkudreifingar annarsstaðar. Öðru máli gegnir um raforkusölu sem tekur mið af markaðnum, vara á samkeppnismarkaði, og má hver sem er selja raforku hvar sem er á landinu að uppfylltum lagaskilyrðum. Eins og áður er fram komið annast Norðurorka hf. ekki lengur raforkusölu. Þrátt fyrir að rafdreifikerfið einskorðist við Akureyri stækkaði kerfið umtalsvert þar sem mikið var byggt. Tengdir voru 255 nýir viðskiptavinir. Settar voru upp tvær nýjar spennistöðvar sem báðar koma í stað eldri spennistöðva, sem þurftu að víkja vegna framkvæmda, við Gamla Barnaskólann og Akureyrarhöfn á Oddeyartanga. Þá var talsvert um breytingar og endurnýjun á búnaði í dreifistöðum. Mjög litlar truflanir urðu á raforku-afhendingu.

Vatnsveitan.

Verðskrá vatnsveitu var breytt verulega frá og með 1. janúar 2007 að telja. Með þessari nýju gjaldskrá hefur náðst að mynda réttlátari gjaldtöku fyrir neysluvatn en áður var. Heildartekjur Norðurorku hf. af vatnsgjaldi minnkuðu um 50 milljónir króna í tengslum við þessa breytingu. Dreifikerfi vatnsveitu stækkaði mikið á árinu 2007. Vatnsveitan teygir sig nú í öll nágrennasveitarfélög Akureyrar eftir að Hvammur í Eyjafjarðarsveit varð fyrsti bærinn í sveitarfélaginu sem tengdist við vatnsveituna. Vatnsöflun er í góðu horfi og ekki gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdum á því sviði á næstunni. Töluvert var unnið við endurbætur á Svalbarðsströnd og í Hrísey bæði varðandi vatnsöflun og dreifikerfi. Þá var töluvert byggt í Svalbarðsstrandarhreppi og lagðar voru vatnslagnir að nýju iðnaðarhverfi í Hörgárbyggð. Eins og undanfarinn ár var stærstur hluti framkvæmda Norðurorku tengdar miklum gatnagerðarframkvæmdum á Akureyri. Almennt eru gatnagerðarframkvæmdir og neysluvatnslagnir boðnar út sameiginlega, í einum pakka, af tæknilegum ástæðum. Viðskiptavinum vatnsveitunnar fjölgaði um 120 á árinu.

Hitaveitan

Nýtt sveitarfélag Grýtubakkahreppur bættist við það svæði sem hitaveitan þjónar. Hitaveitan þjónar nú öllum sveitarfélögum við Eyjafjörð nema Dalvíkurbyggð. Þá eiga íbúar Fnjóskadals kost á að tengjast hitaveitu Norðurorku hf. og hefur þegar mikill fjöldi sumarhúsa í dalnum tengst veitunni, sem og flest býlin í dalnum. Á Grenivík var búið að tengja um helming húsa um áramótin 2007/2008. Eftir er að leggja heimtaugar á flesta bæi í Grýtubakkahreppi og biður það komandi sumars. Lagning Reykjaveitu í Fnjóskadal og Grýtubakkahrepp var stærsta einstaka verkefni liðins árs og gengu framkvæmdir vel. Hitaveitan í Ólafsfirði sem og Reykjaveita eru sjálfstæð veitukerfi og því ekki tengd meginkerfi hitaveitunar. Rekstur Ólafsfjarðarveitu er í föstum skorðum í umsjá Einars Þórarinssonar umsjónarmanns. Því miður er lítið um nýframkvæmdir við Ólafsfjarðarveitu. Í Hrísey var haldið áfram endurbótum á kerfinu. Stór framkvæmd á Akureyri var endanleg tenging aðveitunar frá Hjalteyri við bæjarkerfið. Upphaflega var ráðgert að vinna þetta verk árið 2009, en þar sem heitavatnspörfin á Akureyri hefur aukist meira en við var búið var verkinu flýtt. Til viðbótar við þetta voru verulegar framkvæmdir við dreifikerfið á



Frá vígslu Reykjaveitu á Grenivík

Akureyri eins og hjá bæði rafveitu og vatnsveitu vegna nýbygginga. Viðskiptavinum hitaveitunnar fjölgaði um 114 á Akureyri og um 111 annarsstaðar á veitusvæðinu. Pípukerfið lengdist um vel á annað hundrað kílómetra.

Tjón varð hjá nokkrum viðskiptavinum í Glerárhverfi þegar mannleg mistök urðu til þess að þrýstingur á heitavatnskerfinu hækkaði. Flest þessi tjón urðu vegna þess að tengingar við blöndunartæki gáfu sig. Öryggislokar miðstöðvarkerfa virkuðu hinsvegar í öllum tilfellum. Mikilvægt er að allir hafi, í kyndikerfum húsa, öryggisloka sem virka og eru rétt tengdir. Norðurorka hf. vill nota tækifærið til að biðja þá viðskiptavini sem urðu fyrir óþægindum við þrýstingsaukninguna afsökunar á þessum atburði. Annað sem valdið hefur óþægindum hjá nokkrum viðskiptavinum eru óhreinindi í dreifikefinu. Ekki er um hættuleg óhreinindi að ræða, auk þess sem heitavatnið er ekki ætlað til neyslu. Þessi tilvik eru eftir sem áður hvíleidd og hafa í einstöku tilfellum valdið bilunum í nýjstu gerðum blöndunartækja. Átak var gert í útskolun á dreifikerfinu á Akureyri til að minnka hættu á óhreinindum og mun því átaki verða framhaldið á árinu 2008. Hinsvegar berast alltaf ný óhreinindi inn í kerfið úr rörum og frá miðstöðvarkerfum, enda er dreifikerfið tvöfalt að hluta.

Franz Árnason




Guðný sækir fyrsta sopann




LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA


Hitaveita - Orkuvinnsla á mánuði - Heitavatnsöflun samtals 6.792.425 M3



Þróun vinnslu á heitu vatni




Raforka notuð til dælingar á heitu vatni



LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA

Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu




LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA


Almennar upplýsingar	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	17.292	18.059	18.663	19.057	22.640
Húsvæitur	5.181	5.564	5.754	6.001	6.226
Rúmmál húsa tengd hitaveitu m ³	4.159.878	4.344.472	4.500.476	4.740.460	4.984.759
Hemlar	3	130	130	130	130
Orkumælur	19	19	19	0	0
Orkuöflun á jarðhitasvæðum	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi virkjaðra borholna:					
Með djúpdælu	11	11	11	14	14
Án djúpdælu	1	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	73	73	74,5	81	81
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m ³	4.162.280	4.950.852	5.200.000	5.384.481	5.723.029
Meðalvatnshiti á hlotutoppi eða frá hver/laug C	89	89	89	89/60	89/60
Aðveituæðar / orkuöflun	2003	2004	2005	2006	2007
Lengd safn- og aðveituæða:					
Stál m	51.869	51.869	51.869	51.869	52.720
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	63.669	63.669	63.669	63.669	64.520
Varmadælur:					
Uppsett afl MW	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun GWh	8,8	6	2,4	0,07	1,8
Olíuketill:					
Uppsett afl MW	12	12	12	12	12
Olíunotkun á árin lítrar	19.000	0	0	0	0
Dreifikerfi og dælustöðvar	2003	2004	2005	2006	2007
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) 1) MW	86,5	86,5	86,5	86,5	93,7
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	53,4	61,3	58,7	66,6	70,0
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³	5.083.603	5.775.379	6.185.129	6.340.034	6.792.425
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi C°	79,1	79	79	79/60	79/60
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda C°	72	72	72	72/58	72/58
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2 TJ	1.072,5	1.245,1	1.333,5	1.366,9	1.464,4
Hlutfall orkuvinnslu:					
Jarðhiti %	93,3	98	98	99,9	99,9
Rafmagn %	6,6	2	2	0,1	0,1
Olía %	0,1	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	6	6	6	7	7
Heildarafli dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.691	2.761	2.875	2.878	2.902
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	7.425.446	6.217.172	5.356.718	5.640.316	5.931.509
Miðlunarrými m ³	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:					
Stál m	277.108	296.598	300.000	310.381	371.630
Plast m	32.177	53.177	62.672	75.464	97.582
Samtals m	309.285	349.775	362.672	385.845	469.212
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	300	300	682	1.150	946
Hlutfall dreifikerfis: (lengd)					
Einfalt %	60	83	84	85	87
Tvöfalt %	40	17	16	15	13

LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA


Raforkudreifing 2007



Þróun raforkudreifingar 1992 - 2007




Saga raforkudreifingar 1923 - 2007



LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA

Afltoppar forgangsorku 2007 MWh



Raforkudreifing og -flutningur - Glerárvirkjun og Djúpadalsvirkjun tengjast beint inn á dreifikerfið



MWh	Landsnet		Virkjanir		Heild samtals MWh	Forgangsafl MW
	Forgangsorka	Ótryggorka	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun		
JAN	11.588	2.514	154	0	14.257	21,5
FEB	9.825	2.299	93	0	12.217	20,9
MAR	10.018	2.367	83	0	12.467	18,9
1.ársfj	31.431	7.180	330	0	38.941	
APR	8.181	1.848	155	344	10.528	17,5
MAÍ	7.284	1.866	170	1.035	10.354	15,7
JÚN	5.972	1.777	185	1.269	9.204	14,4
2.ársfj	21.437	5.491	510	2.648	30.087	
JÚL	6.058	1.768	211	1.310	9.348	13,5
ÁGÚ	6.717	1.835	212	1.282	10.046	14,5
SEP	7.359	1.743	201	1.184	10.488	15,8
3.ársfj	20.134	5.346	625	3.776	29.881	
OKT	8.534	2.015	205	1.393	12.147	17,4
NÓV	9.523	1.996	164	1.113	12.797	20,0
DES	11.067	1.680	144	1.035	13.926	21,8
4.ársfj	29.125	5.692	512	3.541	38.869	
Summa	102.127	23.709	1.976	9.965	137.778	

LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA

Almennar upplýsingar	Einingar	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	16.048	16.270	16.736	16.822	17.253
Neysluveitur		6.841	7.032	7.236	7.532	7.787
Dreifikerfið	Einingar	2003	2004	2005	2006	2007
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2	2
uppsett spennaafli	MVA	82	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	102	102	102	102	100
uppsett spennaafli	MVA	55	55	57	63	65,66
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	3	3	3	4	4
uppsett spennaafli	MVA	0,28	0,28	0,18	0,23	0,23
Tengiskápar	fjöldi	852	875	888	932	978
Sölmælur	fjöldi	8.334	8.535	8.450	8.792	9.020
Heimtaugar -25 - 63 A	fjöldi	3.097	3.209	3.345	3.490	3.603
Heimtaugar - 100 - 315 A	fjöldi	337	344	349	365	387
Heimtaugar - >400 A	fjöldi	65	65	68	74	74
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	112	124	124,3	106,2	107,8
230/400 V jarðstrengir	km	400	413	411,4	432,7	450,9
6 - 11 kV loftlínur	km	1,25	1,25	2,7	2,7	2,7
230/400 V loftlínur	km	10	10	3,6	4,7	4,3
Raforkudreifing	Einingar	2003	2004	2005	2006	2007
Varaafli	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8
Raforkuflutningur til dreifiv.	MWh	144.436	138.558	144.602	140.628	137.778
Eigin raforkuvinnsla	MWh	0	0	779	1.624	1.976
Forgangsorka - mesta afl	MW		20,19	20,79	22,33	21,80
Forgangsorka dreifing	MWh		101.538	107.350	111.062	114.069
